

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, greiði hvort um sig kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu eru hvort um sig svipt ævilangt frá birtingu dóms rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns kr. 19.766,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1985.

Nr. 28/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Brynjólfi Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 20. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Akraness 18. febrúar 1985.

Um kl. 12.50 laugardaginn 16. þessa mánaðar barst lögreglunni tilkynning um bruna í Brekkubæjarskóla. Við nánari athugun kom í ljós, að brotist hafði verið inn í skólann og eldur kveiktur á nokkrum stöðum í kennaraálmu hans. Hafði verið brotinn gluggi í dyrum á neðstu hæð hússins og farið inn um gluggann. Fyrir innan dyrnar í glerbrotum frá glugganum fann lögreglan m.a. leðurræmu.

Í þágu rannsóknar málsins hafði lögreglan samband við kærða, Brynjólf Jónsson. Brynjólfur skýrði svo frá, að kvöldið næst á undan hefði hann farið á dansleik í Hótel Akraness. Hafi hann verið klæddur í dökkbrúnan leðurjakka og svarta leðurskó. Við athugun á leðurjakkanum kom í ljós, að hann var rifinn. Við samanburð á leðurræmu þeirri, sem fannst á vettvangi, og leðrinu í jakkanum sýnist vera um sams konar leður að ræða. Ennfremur virðist ræman falla að rifunni. Í leðurjakka kærða fundust glerbrot. Þá fundust glerbrot á skósólum hans.

Kærði, Brynjólfur Jónsson, hefur neitað sakargiftum.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda standa ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 því ekki í vegi, þar eð brot kærða kann að varða hann fangelsisrefsingu eftir 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn til miðvikudagsins 27. febrúar nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Brynjólfur Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. febrúar nk.